

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

1. tbl. 5. árg. mars 2023



Vorfagnaður

Miðvikudaginn 10. maí 2023, kl. 12.00
Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2

Lífeyrisdeild Sameykis stendur fyrir vorfagnaði fyrir félagsfólk Lífeyrisdeildar.

Boðið verður upp kalkún og lamb af steikarhlaðborði, eftirréttt og kaffi.

Sóli Hólm mun skemmta og

Grímur Sigurðsson ásamt félögum spila fyrir dansi.

Verð 3.500 kr. á mann

Skráning á vorfagnaðinn er í gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins
á vefsíðunni www.sameyki.is eða á skrifstofu Sameykis, s. 5258330/5258340.

Félagsfólk má bjóða einum gesti með á fagnaðinn.

Síðasti dagur til að skrá sig er **föstudagurinn 5 maí.**

Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis

18. apríl kl. 14
að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Dagskrá fundarins er samkvæmt starfsreglum deildarinnar.

1. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir síðastliðið ár.
3. Gerð grein fyrir störfum og reikningum símenntunarsjóðs.
4. Tekin ákvörðun um tillögur til breytinga á starfsreglum deildarinnar.
5. Kosnir tveir skoðunarmenn félagsreikninga.
6. Önnur mál.

Sumarferð Lífeyrisdeildar

Stjórn Lífeyrisdeildar hefur skipulagt leiðsöguferð undir tryggri leiðsögn Harðar Gíslasonar um Suðurland. Keyrt verður að þingvöllum um Laugarvatn að Reykholti og snæddur hádegisverður hjá Flúðasveppum. Eftir hádegisverð verður farið að Forsæti og skoðaðir listmunir úr tré og þar er einnig uppsett orgel sem var í Landakirkju fyrir gos. Ekið verður um Stokkseyri og Eyrarbakka og borðaður kvöldverður í Rauða húsinu áður en ekið er heim.



Það er hægt að velja á milli 3ja dagsetninga: **þriðjudag 20. júní, fimmtudag 22. júní og fimmtudag 29. júní**

Miðasala í ferðir er í gegnum Orlofshúsavef Sameykis.

Lagt verður af stað frá bílastæði við Listasafn Reykjavíkur við Klambrarún klukkan 10:00 og komið verður til baka um klukkan 19:00.

Félagsfólk má taka með sér einn gest. Verð er 8000 kr. á mann með öllu inniföldu.

Velkomin í gönguklúbb!

Gönguklúbburinn hefur verið með vikulegar göngur í allan vetur og halda áfram fram til 17. maí. Nýir félagar eru hvattir til þess að koma í hópinn og geta tekið með sér gest. Hópurinn hittist alla miðvikudaga og gengur saman á milli kl. 10:30-11:30



Við hittumst á fjórum stöðum til skiptis sem eru: 1) Laugardalslaug (anddyri). 2) Vesturbæjarlaug / Hofsvallagata. 3) Árbæjarsafn, nyrðra bílastæði. 4) Skógræktin, Fossvogi (neðan við Borgarspítala).

Hægt er að fylgjast með göngunum á facebook síðu klúbbsins undir nafninu Griótharðir göngugarpar.

Orlofshús og orlofstilboð

Félagsfólk í lífeyrisdeild getur sótt um orlofshús í sumar, fyrir utan 7 vikna tímabil yfir hásumarið þegar flestir sem eru í starfi sækjast eftir orlofshúsum, þegar leik- og grunnskólar eru lokaðir. Þetta er á tímabilinu 16. júní til 4. ágúst 2023. En önnur tímabil standa félagsfólki í lífeyrisdeild opin eins og öðru félagsfólki.

Orlofssjóður býður upp á ýmsa kosti fleiri en orlofshús, við hvetjum ykkur til þess að skoða orlofsvefinn á sameyki.is þar eru upplýsingar um gjafabréf í flug, ferðaávísanir, veiðikort og ýmislegt fleira.


Ertu ekki örugglega vinur okkar á facebook?



Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu.

Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember. **Frestur til að senda inn umsóknir í vor er 10. maí.**



Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is
Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.

Viltu fá Fréttabréfið sent í tölvupósti?

Nú ætlar stjórn Lífeyrisdeildar að bjóða þeim sem vilja fá Fréttabréfið sent í tölvupósti frekar en að fá fréttabréfið sent heim í pósti. Við erum með netföng hjá um það bil 75% félaga í deildinni. Við hvetjum ykkur til þess að fara inn á mínar síður á vef Sameykis og færa inn rétt netfang. Það eru margir enn með gamla vinnunetfangið sitt. Þetta gæti aukið á tengslin við félagið og Lífeyrisdeildina þar sem það er orðið mjög kostnaðarsamt að senda út póst heim til fólks. Einnig verða Fréttabréf Lífeyrisdeildar vistuð inn á vefsíðu Lífeyrisdeildar. **Þeir sem óska eftir að fá Fréttabréf í tölvupósti vinsamlega sendið póst á jakobina@sameyki.is**

Skráning í Lífeyrisdeild

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir Lífeyrisdeild eða hafa samband við skrifstofu sameyki@sameyki.is eða í síma 525 8330. Láttu endilega vini og féлага sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannajónustu
Áb.maður: Þórarinn Eyfjörð - Umsjón: Ingibjörg Óskarsdóttir
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannajónustu
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330/5258340 - sameyki@sameyki.is